

100 daga plan – 100% af verkefnunum komin í framkvæmd

Öll verkefni 100 daga áætlunar meirihlutans eru komin í skýran farveg. Sumum verkefnum hefur þegar verið lokið, framkvæmdir eru hafnar í öðrum og þau verkefni sem eðli máls samkvæmt taka lengri tíma hafa verið sett í skýran og formlegan farveg. Ekkert verkefni hefur setið eftir. Á fyrstu 100 dögum hefur þannig verið lagður traustur grunnur að nýju sóknarskeiði í Reykjanesbæ.

Flagga íslenska fánanum hjá ráðhúsinu

Íslenska fánanum var flaggað við ráðhúsið strax á fyrsta degi nýs meirihluta. Jafnframt var ákveðið að flagga íslenska fánanum við stofnanir Reykjanesbæjar og við helstu innkomuleiðir í bæinn yfir sumarið.

Fresta áformum um blokkabyggð á Akademiureitnum

Áformum um blokkabyggð á Akademiureitnum hefur verið frestað. Þess í stað hefur verið ákveðið að fara í rammaskipulag fyrir stærra svæði áður en tekin verður ákvörðun um framtíðaruppbyggingu þess.

Auka gagnsæi og stöðva bruðl með skattfé, m.a. með því að endurskipuleggja nefndir og ráð sveitarfélagsins

Stjórnskipulaginu hefur verið breytt og pólitískum nefndum og ráðum fækkað. Sjálfbærniráð, lýðheilsuráð, menningar- og þjónusturáð og stjórn Eignarsjóðs Reykjanesbæjar hafa verið lögð niður.

Jafnframt var umhverfis- og skipulagsráði skipt upp í tvö ráð með það að markmiði að auka skilvirkni, stytta boðleiðir og hraða afgreiðslu mála. Með breytingunum sparast sveitarfélaginu hátt í 10 milljónir króna á ári.

Til að tryggja að hver króna nýtist sem best og til að hámarka gagnsæi hefur í fyrsta sinn í Reykjanesbæ verið ákveðið á fjárhagsáætlunarvinnan verði unnin í heild sinni með núllgrunnsáætlun. Það felur í sér að hver einasti bókhaldslykill sé skoðaður ítarlega og rökstuddur, í stað þess að útgjöld séu hækkuð sjálfkrafa þvert á svið í samræmi við vísitölupróun.

Vinna við að tryggja gagnsæi og að hver króna nýtist sem best er verkefni sem mun standa yfir allt kjörtímabilið.

Afnema innviðagjaldið sem síðasta bæjarstjórn setti á fót

Bæjarstjórn samþykkti 1. september að breyta gjaldskrá innviðagjalda þannig að þau eru nú **0 krónur á fermetra** í öllum flokkum.

Gera ríkinu ljóst að ekki verði undirritaðir nýir samningar um móttöku nýrra flóttamanna

Með samþykkt málefnasáttmála Sjálfstæðisflokks og Miðflokks, sem lagður hefur verið fram í bæjarstjórn, var formlega ákveðið að Reykjanesbær geri ekki nýja samninga um móttöku flóttamanna.

Jafnframt hafa átt sér stað samskipti við félagsmálaráðuneytið um uppgjör vegna kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu við þá einstaklinga sem komu í þjónustu áður en fyrri samningar féllu úr gildi. Fundur með félagsmálaráðherra er jafnframt fyrirhugaður.

Byrja að skipuleggja stóraukið lóðaframboð fyrir sérbýli

Vinna við að flýta fyrir auknu framboði sérbýlislóða hófst strax í upphafi kjörtímabilsins.

Nú er meðal annars unnið að því að flýta:

- undirbúningi úthlutunar á **10 einbýlishúsalóðum við Trönudal,**
- **einu parhúsi við Asparlaut,**
- lóðum fyrir **20 raðhús við Álfadal,**
- breytingum á Ásahverfinu til að flýta því að hverfið verði fullklárað,
- deiliskipulagi lóða í **Keflavíkurborgum,**
- og því að flýta úthlutun sérbýlislóða í **Suðurbrekku á Ásbrú.**

Viljayfirlýsing vegna Suðurbrekku verður undirrituð 16. september með fjármálaráðherra. Markmiðið er að koma þessum lóðum í úthlutun eins hratt og mögulegt er og jafnframt skoða fleiri möguleika á nýjum sérbýlislóðum jafnt og þétt yfir kjörtímabilið.

Hefja átak í trjárækt, gróðursetningu og fegrun bæjarins

Framkvæmd hafin af krafti. Í sumar hafa verið gróðursettar um **10.000 skógræktarplöntur í Innri-Njarðvík** og um **35.000 plöntur á öðrum skógræktarsvæðum.**

Jafnframt hefur verið fjárfest í plöntum fyrir svæðið við Tjarnargötu 12 og ný gróðurbeð við Torgið við Skrúðgarðinn í Keflavík. Á Ásbrú verður ónýtur gróður grisjaður og Kadeco hefur áform um kaup og gróðursetningu nýrra plantna. Þá var gott samstarf við Vinnuskólann um fegrun bæjarins yfir sumarið.

Þá hafa félagasamtök og fyrirtæki í bænum lagt sitt af mörkum við gróðursetningu.

Hefja lagningu nýrra göngu- og hjólastíga

Ákvörðun hefur verið tekin um að ráðast í nýjan stíg sem tengir Fitjarnar og Ásahverfið við verslunarsvæðið við Fitjabraut, þar á meðal Byko og Krónuna. Samhliða framkvæmdinni verður

komið fyrir gangbrautarþverun yfir Njarðarbraut við hringtorgið hjá ÓB. Búið er að gera verðkönnun og framkvæmdir hefjast innan skamms.

Þá verður jafnframt unnið að gerð og endurbótum á fleiri göngu- og hjólastígum í haust:

- tengingu milli Víðidals og Huldudals,
- tengingu við Kóbu frá Kirkjubraut,
- endurnýjun tengingar við Brekadal 67 eftir rof,
- og nýjum stígstubbi við Unnardal.

Fjölga bekkjum við stíga

Nýir bekkir hafa verið pantaðir og verða afhentir í október. Jafnframt hefst vinna við lagfæringar á eldri bekkjum. Þegar bekkirnir verða afhentir er meðal annars lagt áherslu á að setja fyrstu bekkina á Ásbrú, þar sem bent hefur verið á að bekki vanti í hverfið.

Ráðast í heildarúttekt á fjármálum bæjarins

Bæjarráð hefur samþykkt að setja á laggirnar sérstakt **umbóta- og hagræðingarteymi** sem hefur það hlutverk að vinna að markvissri hagræðingu, bæta þjónustu sveitarfélagsins og tryggja að skattfé íbúa nýtist sem best.

Reykjanesbær hefur jafnframt gert verktakasamning við **Fannar Jónasson** um að leiða verkefnið. Meðal verkefna hans er að stýra vinnu við núllgrunnsáætlun, fara yfir fyrirbyggjandi stjórnsýslu- og fjárhagsúttektir, meta hvort frekari greininga sé þörf og leiða eftirfylgni umbótaverkefna.

Undirbúa samninga við íþróttafélögin um aukinn stuðning og lækkun æfingagjalda fyrir iðkendur og hefja samtal um framtíðarsýn í íþróttamálum

Á fundi íþróttá-, tómstunda- og menningarráðs 24. ágúst fengu fulltrúar ráðsins kynningu frá Keflavík og UMFN.

Í framhaldinu var bæjarstjóra falið að skipa **stýrihóp innan stjórnsýslunnar** sem leiðir formlegt samtal við íþróttahreyfinguna í heild sinni. Hópnum er falið að undirbúa tillögur um næstu skref, meðal annars varðandi:

- aukinn stuðning við íþróttafélögin,
- lækkun æfingagjalda,
- framtíðarsýn í mannvirkjamálum,
- og uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja.

Gera strax aðgerðaáætlun til að fjölga leikskólakennurum og lækka inntökualdur barna

Leikskólaráð Reykjanesbæjar var stofnað í upphafi kjörtímabilsins. Á fundi ráðsins í lok ágúst var síðan samþykkt að stofna sérstakan tímabundinn **spretthóp um fjölgun leikskólakennara og annars fagmenntaðs starfsfólks**.

Hópnum er falið að móta raunhæfar leiðir til að laða fagmenntað starfsfólk til leikskólanna og skila aðgerðaáætlun til leikskólaráðs í október. Gert er ráð fyrir að hópurinn starfi í sex til átta vikur og byggji vinnuna á þekkingu bæði stjórnsýslunnar og leikskólasamfélagsins.

Það hefur alltaf legið skýrt fyrir að við þurfum að fjölga leikskólakennurum til að tryggja að börn komist sem fyrst inn á leikskóla. Meirihlutinn bíður spenntur eftir aðgerðaráætlun spretthópsins til að fjölga fagmenntuðum kennurum, efla það faglega starf sem þegar er unnið í bænum og tryggja að börn komist snemma inn á leikskóla.

Einfalda ferla og hraða ákvarðanatöku fyrir atvinnulífið í bænum

Unnið hefur verið markvisst að því að stytta boðleiðir milli atvinnulífs og sveitarfélagsins og einfalda þá umgjörð sem fyrirtæki mæta.

Meðal þeirra aðgerða sem þegar hafa verið teknar eru:

- Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs hefur tekið til starfa til að minnka flækjustigið í stjórnsýslunni og straumlínulaga ferla fyrir atvinnulífið.
- Bæjarstjóri átti á fyrstu 100 dögum að lágmarki **38 fundi með fyrirtækjum og forsvarsmönnum atvinnulífsins**, þar sem rætt var milliliðalaust um uppbyggingu, hindranir, fjárfestingar og möguleika til frekari starfsemi í Reykjanesbæ.
- **Innviðagjaldið hefur verið fellt niður** og gjaldskrá einfölduð þannig að gjaldið er 0 krónur á fermetra í öllum flokkum.
- Stjórnsýslan hefur lagt aukna áherslu á að vinna beint með fyrirtækjum sem hyggjast ráðast í uppbyggingu, greiða úr hindrunum og koma verkefnum hraðar áfram.

Markmiðið er að fyrirtæki sem vilja byggja upp og fjárfesta í Reykjanesbæ mæti skýrum ferlum, greiðum aðgangi að stjórnsýslunni og skjótari ákvarðanatöku.

Hefja markaðssetningu á styrkleikum svæðisins til að sækja ný fyrirtæki og auka fjárfestingu

Reykjanesbær hefur verið kynntur markvisst sem álitlegur kostur fyrir fyrirtæki, uppbyggingu og fjárfestingar.

Bæjarstjóri hefur skrifað greinar og komið fram í fjölmiðlum þar sem vakin hefur verið athygli á styrkleikum sveitarfélagsins, tækifærum til atvinnuuppbyggingar og þeim fjölmörgu verkefnum sem eru fram undan.

Þá verður **Atvinnu- og framkvæmdaþing Reykjanesbæjar haldið 16. september**, þar sem fyrirtæki, fjárfestar og aðrir hagaðilar fá yfirsýn yfir helstu framkvæmdir, uppbyggingaráform og fjárfestingartækifæri í sveitarfélaginu.

Samhliða þessu hefur verið aukið beint samtal við fyrirtæki sem hafa áhuga á fjárfestingum og uppbyggingu í Reykjanesbæ og unnið að því að greiða götu verkefna sem geta skapað störf og aukið atvinnustarfsemi.

Vefstjóri Reykjanesbæjar hefur hafið vinnu við gerð á miðlægu atvinnuvefsvæði Reykjanesbæjar þar sem allar upplýsingar sem varða atvinnulífið í sveitarfélaginu verða aðgengilegar. Sú síða verður sett í loftið í haust.

Undirbúa aukið framboð atvinnulóða, með sérstaka áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki

Unnið er að því að gera **16 atvinnulóðir í Helguvík/Fuglavík** tilbúnar til úthlutunar á næstunni.

Lóðirnar eru af mismunandi stærðum og sveitarfélagið er jafnframt tilbúið að skoða að minnka einstakar lóðir ef eftirspurn er eftir minni einingum. Þannig verður hægt að mæta betur þörfum bæði lítilra, meðalstórra og stærri fyrirtækja.

Þá eru 20 lóðir á Tæknivöllum í úthutun á vegum Kadeco.

Hefja samtal við ríkið um að fá afhent landsvæði í eigu Kadeco og ríkisins í bænum

Óskað hefur verið eftir fundi með fjármála- og efnahagsráðherra til að ræða landsvæði í eigu Kadeco og ríkisins innan Reykjanesbæjar og er nú unnið að því að finna tímasetningu fyrir fundinn.

Hefja samvinnu við skólasamfélagið um eflingu samræmdra árangursmælinga í skólum Reykjanesbæjar

Starfshópur hefur verið skipaður og **verkáætlun um þróun mælaborðs grunnskólastarfs** lögð fram í menntaráði.

Verkáætlunin skilgreinir þannig ramma verkefnisins og næstu skref eru að móta drög að samræmdum árangursmælikvörðum og hefja samráð við skólastjórnendur. Verkefnið er því komið af undirbúningsstigi yfir í formlega mótunar- og samráðsvinnu.